



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGODINN

## Ljóð frá Tunglheimum

### Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Ljóð frá Tunglheimum
- Háttvísir Álfheimar
- Fínn aðalfundur foreldrafélagsins
- Netorðin fimm
- Skólahreysti
- Árshátíð
- Samræmd próf
- Lestrarsprettur
- Vorferðir í deildum og árgöngum
- Skipulagsdagur, heilsdagsskóli
- Vorhátíð

Sjálfsvirðing er þegar maður ber virðingu fyrir sjálfum sér, allir ættu að gera það. Virðing ber ég fyrir sjálfri mér Þess vegna fer ég oft í bað !

#### Höf. Krístrún Helga

Sjálfsvirðing er sniðug alveg eins og gull mér líður vel þegar ég hugsa. Hugsa vel um mig og dekra við mig þá er ég glöð og segi alltaf satt.

#### Höf. Arna Rún

Sjálfsvirðing er góð, góð og fróð ég er hér, og ég ber virðingu fyrir mér. Ég enga vanvirðingu hef en mikið af ánægju gef.

Höf. Björn

Sjálfsvirðing er góð falleg og rjóð ef þú berð hana ertu góður og fróður þú átt að bera virðingu fyrir skólanum og sjálfum mér og öllum.

#### Höf. Dagur

Sjálfsvirðing er góð og líka svolítið fróð. Eitt einfalt lítið ljóð, og lífið er öfugt við fljóð.

#### Höf. Ingeborg

Sjálfsvirðing er góð og fróð lítil, stór, smár, hár, sjálfsvirðing gerir gott, með hús og krús. Sjálfsvirðing gerir sól því hún er góð.

#### Höf. Sigpór Gellir

**VORHÁTÍÐ ÁSLANDSSKÓLA VERÐUR LAUGARDAGINN 19. MAÍ**

**SAMVINNA**

**ÁBYRGÐ**

**TILLITSSEMI**

**TRAUST**

## Vorferðir

### 1. og 2. bekkur:

Farið í Töfragarðinn á Stokkseyri, þriðjudaginn 15. maí.

### 3. bekkur:

Farið í fjölskyldu- og húsdýragarðinn, föstudaginn 18. maí.

### 4. bekkur:

Farið á veiðisafnið á Stokkseyri og í sund á Selfoss, þriðjudaginn 22. maí.

### 5. bekkur

Farið á Akranes miðvikudaginn 23. maí.

### 6. bekkur

Farið á draugasetrið á Stokkseyri kajakferð og í sund. fimmtudaginn 31. maí. Lagt af stað kl. 10 og komið til baka um kl. 16.

### 7. bekkur

Farið í hringferð um Reykjanes miðvikudaginn 30. maí. Lagt af stað kl. 9:00 og áætluð heimkoma um kl. 16.

### 8. bekkur

Ekki nein vorferð, en nemendur mála og taka til á skólalóð 4. júní. (Búin að fara í ferð).

### 9. bekkur

Farið í skógrækt Hafnarfjarðar þann 4. júní. (Líka búin að fara í ferð, Laugar í Sælingsdal).

### 10. bekkur

Útskriftarferð 9. -11. maí.

## Vorhátíð 19. maí

Vorhátíð foreldrafélagsins verður laugardaginn 19. maí.

Margt verður til gamans gert að venju og ljóst að hoppukastalar munu enn eitt árið heyja einvígi við pylsusala um athyglina.

Gerður hefur verið árangurstengdur þjónustusamningur við veðurguðina þar sem fyrri samningur féll úr gildi vegna rigningar í fyrra.

Nánari dagskrá verður birt á [www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is) þegar nær dregur.

Þess má geta að helgina á undan, laugardaginn 12. maí verður kosið til Alþingis hér í Áslandsskóla, líklega fjórar kjördeildir.

## Skipulagsdagur Heilsdagsskóli

Skipulagsdagur er í Áslandsskóla föstudaginn 25. maí næstkomandi.

Heilsdagsskólinn verður opinn þann dag.

Peir forráðamenn sem hyggjast nýta sér þjónustu heilsdagsskólans þann dag eru beðin að ganga frá skráningu og greiðslu fyrir hádegi miðvikudaginn 23. maí.



## Samræmd próf Óvissuferð

Samræmdu prófin fara af stað í þessari viku. Röð prófanna er þessi:

Miðvikudaginn 2. maí—**Íslenska**

Fimmtudaginn 3. maí—**Enska**

Föstudaginn 4. maí—**Danska**

Mánudaginn 7. maí—**Samfélagsfræði**

Þriðjudaginn 8. maí—**Náttúrufræði**

Miðvikudaginn 9. maí—**Stærðfræði**

Í kjölfar prófanna halda nemendur á vit ævintýra í óvissuferð sem skólinn hefur skipulagt. Haldið verður af stað eftir hádegið sama dag og stærðfræðiprófið er, miðvikudaginn 9. maí og komið til baka föstudaginn 11. maí.

## Skólahreysti

Áslandsskóli keppti til úrslita í skólahreysti 2007 á glæsilegri hátíð í Laugardalshöll fimmtudagskvöldið 26. apríl. Sýnt var beint frá hátíðinni á Skjá-einum.

Fulltrúar Áslandsskóla, þau Hafdís Jónsdóttir, Heiðís Anna Lúðvíksdóttir, Aron Helgason og Benedikt Bollason stóðu sig frábærlega eins og þeirra er von og vísa.

Hafnaði Áslandsskóli í fjórða sæti, aðeins hálfu stigi frá þriðja sæti.

Fjölmennt lið stuðningsmanna fylgdi fjórmenningunum í Höllina til að styðja sitt fólk, bæði nemendur og starfsfólk skólans. Skörтуðu þau fallegum bolum sem skólastjóri lét útbúa af þessu tilefni, en hann fékk aðstoð frá SJÓVÁ við að koma þeirri hugmynd í framkvæmd.

## Árshátíð unglिंगadeildar

Árshátíð unglिंगadeildar Áslandsskóla fór fram með glæsibrag miðvikudaginn 25. apríl. Eftir glæsilegt borðhald voru skemmtiatriði frá nemendum og kennurum auk krýninga ýmiss konar, en nemendur höfðu áður staðið fyrir kosningum.

Nemendur voru þrúðbúnir og salarkynni skólans fagurlega skreytt af undirbúningsnefnd.

Á matseðlinum voru bæði lamb og kjúklingur sem rann ljúflega í veislugesti alla.

Þegar borðhaldi og skemmtiatriðum lauk var dansað af miklum krafti við undirleik skífupeytis ..... eða eru þeir kallaðir eitthvað annað nú til dags ??

## Lestrarsprettur 3. bekk

Nemendur í 3. bekk eru mjög duglegir að efla lestrargetu sína.

Nú eru þeir í lestrarspretti sem við köllum **vor-sprettinn** og stendur hann yfir í tvær vikur.

Nemendur lesa eins mikið og þeir geta og safna býflugum. Hver fluga táknar 100 lesnar blaðsíður.

Í haust-sprettinum söfnuðu nemendur haustlaufum. Þá lásu þeir alls 19.600 blaðsíður!

Það verður spennandi að sjá hvað þessir duglegu krakkar lesa margar síður núna í vor-sprettinum.



## Netorðin fimm

1. Allt sem þú gerir á Netinu endurspeglar hver þú ert.
2. Komdu fram við aðra eins og þú vilt láta koma fram við þig.
3. Ekki taka þátt í neinu sem þú veist ekki hvað er.
4. Mundu að efni sem þú setur á Netið er öllum opið, alltaf.
5. Þú berð ábyrgð á því sem þú segir og gerir á Netinu.



## Háttvísir Álfaheimar

Sameiginleg morgunstund var á sal skólans á dögunum.

Morgunstundin var með kvikmyndaívafi að þessu sinni en 3 af 4 atriðum voru kvikmyndasýningar, frá **Álfaheimum**, **Hulduheimum** og **Dulheimum**. Þá voru **Fjallheimar** einnig með atriði.

**Álfaheimar, 4-ÁR**, fengu bláa fuglinn fyrir að vera háttvísust í skólanum síðustu misseri. Til lukku með það.

## Finn aðalfundur foreldrafélagsins

**Aðalfundur Foreldrafélags Áslandsskóla** var haldinn í gærkveldi. Auk hefðbundinna aðalfundar starfa flutti Leifur S. Garðarsson, skólastjóri, erindi sem hann kallaði: Skotinn í bakið með loftbyssu. Erindið fjallaði um netnotkun, blog og þess háttar.

Þá gladdi forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, Gunnar Svavarsson, fundargesti með því að nú hefði verið skipuð nefnd til að huga að byggingu **íþróttahúss við Áslandsskóla**. Í nefndinni sitja Leifur S. Garðarsson, skólastjóri, Magnús Baldursson, fræðslustjóri, og Sigurður Haraldsson, forstöðumaður Fasteignafélags Hafnarfjarðar.

Fundurinn var ágætlega sóttur og voru fundargestir um 50 talsins.

### Kjör í ráð og nefndir fór á þessa leið:

#### Foreldraráð:

Ragna Halldórsdóttir  
Lilja Gylfadóttir  
Ingibjörg Guðmundsdóttir

#### Stjórn Foreldrafélagsins:

Kristín Dóra Sigurjónsdóttir  
Halla Magnúsdóttir  
Hrafnhildur Ósk Broddadóttir  
Helga Helgadóttir  
Rúna Guðmundsdóttir  
Ólöf Baldursdóttir  
Jónas Hjartarson  
Hanna Lára Gylfadóttir  
Valur Bergmundsson  
Kristina Andersson

#### Skólafærninámskeiðsnefnd:

Hanna Lára Gylfadóttir  
Póra Práinssdóttir

#### Vorhátíðarnefnd:

Erlendur Geir Arnarson  
María Kristín Gylfadóttir  
Margét Sigfúsdóttir

**Erlendur Geir Arnarson** lét af störfum sem formaður en hann hefur starfað ötullega að málefnum skólans allt frá upphafi.



Kríuási 1  
221 Hafnarfirði  
Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
www.aslandsskoli.is  
aslandsskoli@aslandsskoli.is

***www.aslandsskoli.is***

**FLÓRGÖÐINN**

**Fréttablað  
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

**Leifur S. Garðarsson**  
skólastjóri